

Mat á samstarfsverkefni um
notendastýrða persónulega aðstoð
NPA

6. hluti: Könnun meðal
aðstoðarfólks NPA notenda



HÁSKÓLI ÍSLANDS
RANNSÓKNASETUR Í FÖTLUNARFRÆÐUM



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS



Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Velferðarráðuneytið og iðnaðarráðuneytið
Sjötti hluti skýrslu	Niðurstöður úr gagnaöflun meðal aðstoðarfólks

Ábyrgðaraðilar

Útgefandi	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2016
Ritstjórar	Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir Ásdís Aðalbjörg Arnalds
Höfundar 6. hluta	Heiður Hrund Jónsdóttir Elísabet Karlsdóttir Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir Ásdís Aðalbjörg Arnalds
Samráðshópur vegna verkefnisins	Ásdís Aðalbjörg Arnalds Elísabet Karlsdóttir Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Gunnar Haraldsson Gyða Hjartardóttir Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir María Hreiðarsdóttir Ragnar Gunnar Þórhallsson Rannveig Traustadóttir Sigurður Jóhannesson Þór G. Þórarinsson



EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit	3
Töfluyfirlit	4
Inngangur	5
Aðferðir	5
<i>Gagnaöflun meðal aðstoðarfólks NPA notenda</i>	5
<i>Úrvinnsla gagna</i>	6
Niðurstöður - Aðstoðarfólk	6
<i>Um aðstoðarfólk</i>	6
<i>Starfsumhverfi aðstoðarfólks</i>	10
<i>Líðan aðstoðarfólks í starfi</i>	17
Samantekt	29

TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1. Framkvæmd og heimtur í könnun meðal aðstoðarfólks NPA notenda	5
Tafla 2. Ert þú launþegi eða færð þú greitt fyrir vinnu þína með verktakagreiðslum?	6
Tafla 3. Ert þú tengd(ur) NPA notandanum sem þú starfar fyrir fjölskylduböndum?	7
Tafla 4. Hefur þú hlotið einhverja menntun til að starfa með fötluðu fólki?	7
Tafla 5. Kyn aðstoðarfólks	8
Tafla 6. Aldur aðstoðarfólks	8
Tafla 7. Menntun aðstoðarfólks	8
Tafla 8. Starfar þú í dag sem aðstoðarmaður fyrir einn eða fleiri NPA notendur?	9
Tafla 9. Er NPA notandinn sem þú starfar fyrir barn (yngri en 18 ára) eða fullorðinn?	9
Tafla 10. Hvar býr NPA notandinn sem þú starfar fyrir?	10
Tafla 11. Hefur þú fengið fræðslu sérstaklega ætlaða NPA aðstoðarfólki?	10
Tafla 12. Hversu lengi hefur þú unnið fyrir NPA notandann?	11
Tafla 13. Ert þú í námi meðfram starfi þínu sem aðstoðarmaður?	11
Tafla 14. Ert þú í öðru starfi samhliða því að vera aðstoðarmaður?	12
Tafla 15. Ertu í fullu starfi eða hlutastarfi sem aðstoðarmaður?	12
Tafla 16. Ertu sátt(ur) við starfshlutfall þitt eða fjölda vinnustunda?	13
Tafla 17. Ef þú hugsar um síðasta mánuð, hversu löng var stysta vakt sem þú tókst?	13
Tafla 18. Ef þú hugsar um síðasta mánuð, hversu löng var lengsta vakt sem þú tókst?	14
Tafla 19. Hefur þú unnið næturvaktir síðastliðinn mánuð?	14
Tafla 20. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með vinnutímann þinn (þ.e. hvenær tíma dags þú starfar)?	15
Tafla 21. Hversu oft hendir það í starfi þínu að þú þarft að vinna eftirvinnu (launaða yfirvinnu)?	15
Tafla 22. Hversu oft hendir það í starfi þínu að þú þarft að vinna lengur en þú færð greitt fyrir (ólaunaða yfirvinnu)?	16
Tafla 23. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með launin sem þú færð fyrir starf þitt sem aðstoðarmaður?	16
Tafla 24. Finnst þér verkefnin sem þú sinnir í starfi þínu sem NPA aðstoðarmaður áhugaverð?	17
Tafla 25. Finnst þér verkefnin sem þú sinnir í starfi þínu sem NPA aðstoðarmaður mikilvæg?	17
Tafla 26. Hefur þú of mikið að gera í vinnunni?	18
Tafla 27. Eru samskipti þín við NPA notanda góð?	18
Tafla 28. Gefur vinnan þér tækifæri til að læra nýja hluti og þróa þig í starfi?	19
Tafla 29. Færð þú næg tækifæri til að ræða vinnuna við samstarfsfólk (aðra aðstoðarmenn)?	19
Tafla 30. Hversu oft hendir það í starfi þínu að þú þarft að bera eða lyfta mikilli þyngd?	20
Tafla 31. Hversu oft hendir það í þínu starfi að þú þarft að athafna þig í óþægilegum vinnustellingum?	20
Tafla 32. Kemur það fyrir að þú ert líkamlega þreytt(ur) í lok vinnudags?	21
Tafla 33. Kemur það fyrir að þú ert með bakverki eftir vinnu?	21
Tafla 34. Kemur það fyrir að þú ert andlega úrvinda í lok vinnudags?	22
Tafla 35. Kemur það fyrir að þú ert andvaka vegna þess að þú ert að hugsa um vinnuna?	22
Tafla 36. Ef þú hugsar um undangengna tólf mánuði, hefur það gerst að þú hafir verið gagnrýnd(ur) eða ávituð/-aður af notanda?	23
Tafla 37. Ef þú hugsar um undangengna tólf mánuði, hefur það gerst að þú hafir verið gagnrýnd(ur) eða ávituð/-aður af aðstandanda?	23
Tafla 38. Hefur þú einhvern tíma á undanförunni ári íhugað alvarlega að hætta í vinnunni?	24
Tafla 39. Hverjar eru ástæður þess að þú hefur íhugað að hætta í vinnunni?	25
Tafla 40. Hverjir eru, að þínu mati, helstu kostir þess að starfa sem NPA aðstoðarmaður?	26
Tafla 41. Hverjir eru, að þínu mati, helstu ókostir þess að starfa sem NPA aðstoðarmaður?	27
Tafla 42. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?	28

INNGANGUR

Markmiðið matsrannsóknar á samstarfsverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) var að bera NPA þjónustu saman við önnur þjónustuúrræði sem í boði eru fyrir fatlað fólk og leggja mat á það hvort NPA stuðli að sjálfstæðu lífi og almennri þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu. Að auki voru borin saman viðhorf NPA notenda og aðstandenda þeirra, annars vegar, og annarra þjónustunotenda og aðstandenda þeirra, hins vegar, til þjónustunnar. Kannaðar voru aðstæður og störf aðstoðarfólks NPA notenda og loks var rannsókninni ætlað að veita svör við hver væri kostnaður og ábati af NPA þjónustu í samanburði við önnur úrræði. Skýrslan skiptist í átta aðskilda hluta. Í þessum sjötta hluta skýrslunnar er fjallað um niðurstöður könnunar meðal aðstoðarfólks NPA notenda. Í kafla um aðferðir hér á eftir er að finna lýsingu á því hvernig gagna var aflað og hvernig úrvinnsla var háttáð. Í kafla um niðurstöður er greint frá svörum aðstoðarfólks við spurningum könnunarinnar.

AÐFERÐIR

Gagnaöflun meðal aðstoðarfólks NPA notenda

Í könnuninni meðal NPA notenda voru þátttakendur spurðir hvort þeir vildu gefa upp netföng hjá aðstoðarfólki sínu til þess að unnt væri að framkvæma netkönnun meðal þeirra sem starfa með NPA notendum. NPA notendur gáfu upp 48 nöfn og símanúmer aðstoðarfólks. Spyrjar á vegum Félagsvísindastofnunar HÍ hringdu í aðstoðarfólkið og báðu það um að gefa upp netfang sitt svo hægt væri að senda því könnun í tölvupósti. Með þessu móti fengust netföng hjá 48 einstaklingum. Í spurningalistanum voru svaðendur m.a. spurðir um menntun sína og starfsreynslu, vinnutíma og vinnuaðstæður. Gagnaöflunin fór fram 25. nóvember – 6. desember 2015. Af þeim 48 netföngum sem voru á lista Félagsvísindastofnunar yfir aðstoðarfólk NPA notenda svaraði 31. Svarhlutfall í netkönnun meðal aðstoðarfólks var því 64,6% (sjá töflu 1).

Tafla 1. Framkvæmd og heimtur í könnun meðal aðstoðarfólks NPA notenda

Framkvæmdamáti	Netkönnun
Upplýsingasöfnun	25. nóv - 6. des 2015
Fjöldi í úrtaki	48
Fjöldi svarenda	31
Svarhlutfall	65%

Úrvinnsla gagna

Í niðurstöðunum hér á eftir eru töflur sem birta dreifingu svara við spurningum könnunarinnar og hlutföll svarenda á bak við tiltekna svarmöguleika. Í töflunum eru spurningar könnunarinnar greindar eftir því hvort aðstoðarfólk starfaði sem launþegar eða verktakar, hvort það væri skylt NPA notandanum eða ekki og hvort það hefði hlotið menntun til að starfa með fötluðu fólki eða ekki. Töflurnar birta aðeins svör þeirra sem tóku afstöðu til viðkomandi spurningar og af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bakvið hverja töflu. Í einhverjum tilvikum kann samanlagt prósentuhlutfall að vera 99% eða 101% í stað 100% vegna námundunar.

NIÐURSTÖÐUR - AÐSTOÐARFÓLK

Í þessum kafla er að finna töflur sem sýna hlutfallslega dreifingu svara við spurningum könnunarinnar meðal aðstoðarfólks NPA notanda. Fyrst er að finna upplýsingar um þær breytur sem spurningar könnunarinnar voru greindar eftir, þ.e. fyrirkomulag launa, skyldleika við NPA notandann sem viðkomandi aðstoðar og hvort aðstoðarfólkið hafi hlotið einhverja menntun til að starfa með fötluðu fólki eða ekki. Í framhaldinu er svo bakgrunnur svarenda skoðaður nánar. Þar á eftir er kafli sem snýr að starfsumhverfi aðstoðarfólks og síðasti niðurstöðukaflinn fjallar um líðan aðstoðarfólks í starfi.

Um aðstoðarfólk

Eins og sjá má í töflu 2 störfuðu tveir af hverjum þremur aðstoðarmönnum sem launþegar og þriðjungur sem verktakar. Þeir sem hlotið höfðu menntun til að starfa með fötluðu fólki störfuðu frekar sem verktakar (75%) en þeir sem ekki höfðu hlotið slíka menntun (15%).

Tafla 2. Ert þú launþegi eða færð þú greitt fyrir vinnu þína með verktakagreiðslum?

	Launþegi	Verktaki	Fjöldi svara
Heild	68%	32%	28
Skyldleiki við NPA notanda?			
Skyld(ur) NPA notanda	73%	27%	11
Ekki skyld(ur) NPA notanda	65%	35%	17
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?			
Já	25%	75%	8
Nei	85%	15%	20

Tólf svarendur, eða 39% svarenda, voru skyldir NPA notandanum sem þeir aðstoðuðu og þar af voru ellefu sem voru náskyldir notandanum. Helmingur aðstoðarfólks sem hafði hlotið menntun til að starfa með fötluðu fólki var skyldur notandanum en hið sama átti við um þriðjung þeirra sem ekki hafði hlotið slíka menntun (sjá töflu 3).

Tafla 3. Ert þú tengd(ur) NPA notandanum sem þú starfar fyrir fjölskylduböndum?

	Skyld(ur) NPA notandanum	Ekki skyld(ur) NPA notandanum	Fjöldi svara	Skyld(ur) NPA notandanum
Heild	39%	61%	31	39%
Fyrirkomulag launa				
Launþegi	42%	58%	19	42%
Verktaki	33%	67%	9	33%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?				
Já	50%	50%	8	50%
Nei	32%	68%	22	32%

Ríflega fjórðungur hafði hlotið einhverja menntun til að starfa með fötluðu fólki en hlutfallslega fleiri verktakar (67%) en launþegar (11%) höfðu hlotið slíka menntun (sjá töflu 4).

Tafla 4. Hefur þú hlotið einhverja menntun til að starfa með fötluðu fólki?

	Já	Nei	Fjöldi svara	Já
Heild	27%	73%	30	27%
Fyrirkomulag launa				
Launþegi	11%	89%	19	11%
Verktaki	67%	33%	9	67%
Skuldleiki við NPA notanda?				
Skyld(ur) NPA notanda	36%	64%	11	36%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	21%	79%	19	21%

Fimmtungur aðstoðarfólks sem tók þátt í könnuninni var karlkyns (tafla 5). Allir svarendur höfðu íslensku að móðurmáli, meðalaldur þeirra var 36 ár en eins og sjá má í töflu 6 var rétt rúmlega helmingur svarenda yngri en 30 ára. Aðstoðarfólk sem var skylt NPA notandanum var almennt eldra en aðstoðarfólk sem ekki var tengt notandanum fjölskylduböndum.

Tafla 5. Kyn aðstoðarfólks

	Karl	Kona	Fjöldi svara
Heild	19%	81%	31
Fyrirkomulag launa			
Launþegi	21%	79%	19
Verktaki	11%	89%	9
Skuldleiki við NPA notanda?			
Skyld(ur) NPA notanda	25%	75%	12
Ekki skyld(ur) NPA notanda	16%	84%	19
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?			
Já	13%	88%	8
Nei	23%	77%	22

Tafla 6. Aldur aðstoðarfólks

	Yngri en 30 ára	30 ára og eldri	Fjöldi svara
Heild	52%	48%	31
Fyrirkomulag launa			
Launþegi	58%	42%	19
Verktaki	33%	67%	9
Skuldleiki við NPA notanda?			
Skyld(ur) NPA notanda	8%	92%	12
Ekki skyld(ur) NPA notanda	79%	21%	19
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?			
Já	38%	63%	8
Nei	59%	41%	22








Í töflu 7 má sjá að 43% aðstoðarfólks var háskólamenntað, 43% með próf á framhaldsskólaskipi og 14% höfðu ekki formlega menntun umfram grunnskólapróf.

Tafla 7. Menntun aðstoðarfólks

	Grunnskólapróf	Stúdentspróf eða sambærilegt	Háskólapróf BA/BS	Háskólapróf MA/MS eða meira	Fjöldi svara
Heild	14%	43%	32%	11%	28
Fyrirkomulag launa					
Launþegi	22%	44%	22%	11%	18
Verktaki	0%	38%	50%	13%	8
Skuldleiki við NPA notanda?					
Skyld(ur) NPA notanda	27%	36%	27%	9%	11
Ekki skyld(ur) NPA notanda	6%	47%	35%	12%	17
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?					
Já	0%	57%	43%	0%	7
Nei	20%	35%	30%	15%	20

Mikill meirihluti (90%) aðstoðarfólks starfaði sem aðstoðarmaður eins NPA notanda, aðrir störfuðu fyrir tvo (sjá töflu 8). Þeir svarendur sem störfuðu sem aðstoðarmenn fyrir fleiri en einn NPA notanda voru beðnir að svara þeim spurningum sem á eftir komu út frá reynslu sinni sem aðstoðarmaður þess þjónustunotanda sem mestum tíma var varið með.

Tafla 8. Starfar þú í dag sem aðstoðarmaður fyrir einn eða fleiri NPA notendur?

	Ég starfa sem aðstoðarmaður eins notanda	Ég starfa sem aðstoðarmaður tveggja notanda	Fjöldi svara	Ég starfa sem aðstoðarmaður eins notanda
Heild	90%	10%	29	 90%
Fyrirkomulag launa				
Launþegi	89%	11%	19	 89%
Verktaki	88%	13%	8	 88%
Skuldleiki við NPA notanda?				
Skyld(ur) NPA notanda	92%	8%	12	 92%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	88%	12%	17	 88%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?				
Já	88%	13%	8	 88%
Nei	90%	10%	20	 90%

Flestir þeirra aðstoðarmanna sem tóku þátt í könnuninni störfuðu fyrir fullorðna NPA notendur (sjá töflu 9) og notendur sem búsettir voru á höfuðborgarsvæðinu (sjá töflu 10). Enginn verktaki aðstoðaði notanda sem búsettur var á landsbyggðinni og hlutfallslega fleiri NPA notanda á landsbyggðinni nutu aðstoðar fólks sem var skylt þeim heldur en NPA notanda á höfuðborgarsvæðinu (sjá töflu 10).

Tafla 9. Er NPA notandinn sem þú starfar fyrir barn (yngri en 18 ára) eða fullorðinn?

	NPA notandinn er fullorðinn	NPA notandinn er barn	Fjöldi svara
Heild	90%	10%	31
Fyrirkomulag launa			
Launþegi	95%	5%	19
Verktaki	78%	22%	9
Skuldleiki við NPA notanda?			
Skyld(ur) NPA notanda	100%	0%	12
Ekki skyld(ur) NPA notanda	84%	16%	19
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?			
Já	88%	13%	8
Nei	91%	9%	22

Tafla 10. Hvar býr NPA notandinn sem þú starfar fyrir?

	Höfuðborgarsvæði	Landsbyggð	Fjöldi svara
Heild	77%	23%	30
Fyrirkomulag launa			
Launþegi	63%	37%	19
Verktaki	100%	0%	9
Skuldleiki við NPA notanda?			
Skyld(ur) NPA notanda	55%	45%	11
Ekki skyld(ur) NPA notanda	89%	11%	19
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?			
Já	75%	25%	8
Nei	77%	23%	22

Starfsumhverfi aðstoðarfólks

Í töflu 11 má sjá að mikill meirihluti (83%) svarenda hafði ekki fengið fræðslu sem sérstaklega var ætluð NPA aðstoðarfólki. Ekkert af því aðstoðarfólki sem var skylt NPA notandanum hafði fengið slíka fræðslu en hið sama átti við um fjórðung þeirra sem ekki voru skyldir NPA notanda.

Tafla 11. Hefur þú fengið fræðslu sérstaklega ætlaða NPA aðstoðarfólki?

	Já	Nei	Fjöldi svara	Já
Heild	17%	83%	30	■ 17%
Fyrirkomulag launa				
Launþegi	11%	89%	19	■ 11%
Verktaki	22%	78%	9	■ 22%
Skuldleiki við NPA notanda?				
Skyld(ur) NPA notanda	0%	100%	11	0%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	26%	74%	19	■ 26%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?				
Já	25%	75%	8	■ 25%
Nei	14%	86%	22	■ 14%

0% 25% 50% 75% 100%

Tæpur fjórðungur aðstoðarfólks hafði unnið fyrir NPA notandann í eitt ár eða minna og 42% í meira en tvö ár. Tveir af hverjum þremur verktökum höfðu starfað fyrir NPA notandann í meira en tvö ár en hið sama átti við um fjórðung launþega. Þá höfðu 75% þeirra sem höfðu hlotið menntun til að starfa með fötluðu fólki starfað fyrir NPA notandann í meira en tvö ár, samanborið við 32% þeirra sem ekki höfðu hlotið slíka menntun (sjá töflu 12).

Tafla 12. Hversu lengi hefur þú unnið fyrir NPA notandann?

	Eitt ár eða minna	Eitt til tvö ár	Meira en tvö ár	Fjöldi svara
Heild	23%	35%	42%	31
Fyrirkomulag launa				
Launþegi	26%	47%	26%	19
Verktaki	22%	11%	67%	9
Skuldleiki við NPA notanda?				
Skyld(ur) NPA notanda	8%	42%	50%	12
Ekki skyld(ur) NPA notanda	32%	32%	37%	19
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?				
Já	13%	13%	75%	8
Nei	27%	41%	32%	22








Þrír af hverjum tíu aðstoðarmönnum stunduðu nám meðfram starfi sínu (sjá töflu 13) og í töflu 14 má sjá að tveir af hverjum þremur voru í öðru starfi samhliða því að vera NPA aðstoðarmenn. Hlutfallslega fleiri þeirra sem voru skyldir notandanum voru í öðru starfi samhliða því að vera aðstoðarmenn, eða 82%, samanborið við 58% þeirra sem ekki voru skyldir notandanum. Alls voru 77% þeirra aðstoðarmanna sem tóku þátt í könnuninni í námi og/eða í öðru starfi.

Tafla 13. Ert þú í námi meðfram starfi þínu sem aðstoðarmaður?

	Já	Nei	Fjöldi svara	Já
Heild	30%	70%	30	30%
Fyrirkomulag launa				
Launþegi	26%	74%	19	26%
Verktaki	33%	67%	9	33%
Skuldleiki við NPA notanda?				
Skyld(ur) NPA notanda	18%	82%	11	18%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	37%	63%	19	37%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?				
Já	25%	75%	8	25%
Nei	32%	68%	22	32%

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla 14. Ert þú í öðru starfi samhliða því að vera aðstoðarmaður?

	Já	Nei	Fjöldi svara	Já
Heild	67%	33%	30	
Fyrirkomulag launa				
Launþegi	53%	47%	19	
Verktaki	89%	11%	9	
Skuldleiki við NPA notanda?				
Skyld(ur) NPA notanda	82%	18%	11	
Ekki skyld(ur) NPA notanda	58%	42%	19	
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?				
Já	63%	38%	8	
Nei	68%	32%	22	

0% 25% 50% 75% 100%

Í töflu 15 má sjá að 28% svarenda störfuðu sem NPA aðstoðarmenn í fullu starfi á meðan aðrir voru í hlutastarfi. Þeir sem störfuðu sem verktakar voru allir í hlutastarfi.

Tafla 15. Ertu í fullu starfi eða hlutastarfi sem aðstoðarmaður?

	Er í fullu starfi sem aðstoðarmaður og vinn 36- 40 klst. á viku	Er í hlutastarfi sem aðstoðarmaður og vinn u.p.b. 20 - 35 klst. á viku	Er í hlutastarfi sem aðstoðarmaður og vinn færri en 20 klst. á viku	Fjöldi svara
Heild	28%	31%	41%	29
Fyrirkomulag launa				
Launþegi	42%	26%	32%	19
Verktaki	0%	44%	56%	9
Skuldleiki við NPA notanda?				
Skyld(ur) NPA notanda	18%	27%	55%	11
Ekki skyld(ur) NPA notanda	33%	33%	33%	18
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?				
Já	13%	38%	50%	8
Nei	33%	29%	38%	21

Í töflu 16 má sjá að mikill meirihluti, eða 89% svarenda, var sáttur við starfshlutfall sitt eða fjölda vinnustunda. Aðeins einn svarandi vildi vinna meira og tveir vildu vinna minna en þeir gerðu. Allir þeir sem störfuðu sem verktakar voru sáttir við starfshlutfallið eða fjölda vinnustunda og það voru einnig allir þeir sem hlotið höfðu menntun til að starfa með fötluðu fólki.

Tafla 16. Etu sátt(ur) við starfshlutfall þitt eða fjölda vinnustunda?

	Já, ég er sátt(ur)	Nei, ég myndi vilja vinna meira	Nei, ég myndi vilja vinna minna	Fjöldi svara	Já, ég er sátt(ur)
Heild	89%	4%	7%	28	89%
Fyrirkomulag launa					
Launþegi	83%	6%	11%	18	83%
Verktaki	100%	0%	0%	8	100%
Skýldleiki við NPA notanda?					
Skyld(ur) NPA notanda	90%	10%	0%	10	90%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	89%	0%	11%	18	89%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?					
Já	100%	0%	0%	7	100%
Nei	86%	5%	10%	21	86%

0% 25% 50% 75% 100%

Stysta vakt svarenda náði frá einni klukkustund upp í 24 stundir. Í töflu 17 má sjá að í heildina var miðgildi stystu vaktar fjórar klukkustundir og miðgildi launþega (5,5) var hærra en á meðal verktaka (1,5). Lengsta vakt svarenda var hins vegar á bilinu frá fjórum klukkustundum til 60 klukkustunda. Í töflu 18 má sjá að miðgildi lengstu vaktar var 10 klukkustundir þar sem lengsta vakt launþega (12) var að jafnaði lengri en hjá verktökum (6) auk þess sem lengsta vakt þeirra sem ekki höfðu menntun til að starfa með fötluðu fólki (6) var almennt lengri en hjá þeim sem hlotið höfðu slíka menntun (12).

Tafla 17. Ef þú hugsar um síðasta mánuð, hversu löng var stysta vakt sem þú tókst?

	Miðgildi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi svara	Miðgildi
Heild	4,0	5,5	5,9	24	4,0
Fyrirkomulag launa					
Launþegi	5,5	7,5	6,5	14	5,5
Verktaki	1,5	1,7	1,0	9	1,5
Skýldleiki við NPA notanda?					
Skyld(ur) NPA notanda	4,0	4,8	2,8	8	4,0
Ekki skyld(ur) NPA notanda	3,0	5,9	7,0	16	3,0
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?					
Já	2,0	2,4	1,5	7	2,0
Nei	5,0	6,8	6,6	17	5,0

Túlka skal meðaltal með varúð þar sem gild svör eru fá og mjög há eða lág gildi geta haft töluverð áhrif á meðaltalið.

0 5 10 15 20 25

Tafla 18. Ef þú hugsar um síðasta mánuð, hversu löng var lengsta vakt sem þú tókst?

	Miðgildi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi svara	Miðgildi
Heild	10,0	15,3	15,4	24	10,0
Fyrirkomulag launa					
Launþegi	12,0	18,0	14,1	14	12,0
Verktaki	6,0	6,2	1,6	9	6,0
Skuldleiki við NPA notanda?					
Skyld(ur) NPA notanda	8,5	10,5	6,7	8	8,5
Ekki skyld(ur) NPA notanda	11,5	17,7	18,0	16	11,5
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?					
Já	6,0	8,2	7,1	7	6,0
Nei	12,0	18,2	17,1	17	12,0

Túlkna skal meðaltal með varúð þar sem gild svör eru fá og mjög há eða lág gildi geta haft töluverð áhrif á meðaltalið.

Ríflaga helmingur (16 svarendur) hafði unnið á næturvöktum mánuðinn áður en könnunin var gerð (tafla 19). Af þeim höfðu fjórtán verið á sofandi næturvakt, tveir á vakandi næturvakt og tveir á bakvakt að nóttu til. Í töflu 19 má auk þess sjá að hlutfallslega fleiri launþegar (74%) en verktakar (11%) höfðu unnið á næturvöktum síðastliðinn mánuð.

Tafla 19. Hefur þú unnið næturvaktir síðastliðinn mánuð?

	Já	Nei	Fjöldi svara	Já
Heild	52%	48%	31	52%
Fyrirkomulag launa				
Launþegi	74%	26%	19	74%
Verktaki	11%	89%	9	11%
Skuldleiki við NPA notanda?				
Skyld(ur) NPA notanda	42%	58%	12	42%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	58%	42%	19	58%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?				
Já	38%	63%	8	38%
Nei	59%	41%	22	59%

Í töflu 20 má sjá að þrír af hverjum fjórum voru mjög eða frekar ánægðir með vinnutímann sinn. Hlutfallslega fleiri þeirra sem voru skyldir NPA notandanum (64%) voru mjög ánægðir með vinnutímann en þeir sem ekki voru skyldir NPA notandanum (26%) sem þeir aðstoðuðu.

Tafla 20. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með vinnutímann þinn (þ.e. hvenær tíma dags þú starfar)?

	Hvorki				Fjöldi sv ara	Mjög eða frekar ánægð(ur)
	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	ánægð(ur) né óánægð(ur)	Frekar eða mjög óánægð(ur)		
Heild	40%	37%	13%	10%	30	77%
Fyrirkomulag launa						
Launþegi	37%	42%	11%	11%	19	79%
Verktaki	44%	22%	22%	11%	9	67%
Skyldleiki við NPA notanda?						
Skyld(ur) NPA notanda	64%	18%	18%	0%	11	82%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	26%	47%	11%	16%	19	74%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?						
Já	25%	38%	25%	13%	8	63%
Nei	45%	36%	9%	9%	22	82%

0% 25% 50% 75% 100%

Eins og sjá má í töflu 21 þurfti rétt ríflega helmingur svarenda sjaldan eða aldrei að vinna eftirvinnu og þeir sem höfðu hlotið menntun til að starfa með fötluðu fólki þurftu síður að vinna eftirvinnu (71% sem þurftu það sjaldan eða aldrei) en þeir sem ekki höfðu slíka menntun (45% sem þurftu það sjaldan eða aldrei).

Tafla 21. Hversu oft hendir það í starfi þínu að þú þarft að vinna eftirvinnu (launaða yfirvinnu)?

	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Fjöldi sv ara	Sjaldan eða aldrei
Fyrirkomulag launa						
Launþegi	18%	35%	18%	29%	17	47%
Verktaki	13%	25%	13%	50%	8	63%
Skyldleiki við NPA notanda?						
Skyld(ur) NPA notanda	18%	27%	27%	27%	11	55%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	18%	29%	18%	35%	17	53%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?						
Já	0%	29%	29%	43%	7	71%
Nei	25%	30%	15%	30%	20	45%

0% 25% 50% 75% 100%

Eins og tafla 22 sýnir þurftu ríflega 80% svaranda sjaldan eða aldrei að vinna lengur en þeir fengu greitt fyrir. Það voru helst þeir sem voru skyldir NPA notandanum sem unnu oft ólaunaða yfirvinnu, eða 42%, samanborið við engan þeirra sem ekki voru tengdir NPA notanda fjölskylduböndum.

Tafla 22. Hversu oft hendir það í starfi þínu að þú þarft að vinna lengur en þú færð greitt fyrir (ólaunaða yfirvinnu)?

	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Fjöldi sv ara	Sjaldan eða aldrei
Heild	16%	3%	13%	68%	31	81%
Fyrirkomulag launa						
Launþegi	21%	5%	11%	63%	19	74%
Verktaki	11%	0%	0%	89%	9	89%
Skuldleiki við NPA notanda?						
Skyld(ur) NPA notanda	42%	0%	17%	42%	12	58%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	0%	5%	11%	84%	19	95%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?						
Já	25%	0%	0%	75%	8	75%
Nei	14%	5%	14%	68%	22	82%

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla 23 sýnir að rétt rúmlega 40% aðstoðarfólks var mjög eða frekar ánægt með launin. Ekki reyndist munur á ánægju fólks eftir fyrirkomulagi launa.

Tafla 23. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með launin sem þú færð fyrir starf þitt sem aðstoðarmaður?

	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	Frekar eða mjög óánægð(ur)	Fjöldi sv ara	Mjög eða frekar ánægð(ur)
Heild	14%	28%	38%	21%	29	41%
Fyrirkomulag launa						
Launþegi	16%	26%	42%	16%	19	42%
Verktaki	13%	25%	38%	25%	8	38%
Skuldleiki við NPA notanda?						
Skyld(ur) NPA notanda	18%	18%	45%	18%	11	36%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	11%	33%	33%	22%	18	44%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?						
Já	0%	29%	57%	14%	7	29%
Nei	18%	27%	32%	23%	22	45%

0% 25% 50% 75% 100%

Líðan aðstoðarfólks í starfi

Í töflu 24 má sjá að tveimur af hverjum þremur aðstoðarmönnum fannst verkefnin sem þeir sinntu í starfi sínu alltaf eða oft vera áhugaverð og í töflu 25 má sjá að flestum (94%) fannst verkefnin alltaf eða oft vera mikilvæg.

Tafla 24. Finnst þér verkefnin sem þú sinnir í starfi þínu sem NPA aðstoðarmaður áhugaverð?

	Já, alltaf	Já, oft	Já, stundum	Já, en sjaldan	Nei, aldrei	Fjöldi svara	Já, alltaf eða oft
Heild	13%	55%	23%	10%	0%	31	68%
Fyrirkomulag launa							
Launþegi	11%	58%	21%	11%	0%	19	68%
Verktaki	22%	44%	22%	11%	0%	9	67%
Skuldleiki við NPA notanda?							
Skyld(ur) NPA notanda	25%	50%	8%	17%	0%	12	75%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	5%	58%	32%	5%	0%	19	63%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?							
Já	13%	50%	25%	13%	0%	8	63%
Nei	14%	55%	23%	9%	0%	22	68%

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla 25. Finnst þér verkefnin sem þú sinnir í starfi þínu sem NPA aðstoðarmaður mikilvæg?

	Já, alltaf	Já, oft	Já, stundum	Já, en sjaldan	Nei, aldrei	Fjöldi svara	Já, alltaf eða oft
Heild	58%	35%	6%	0%	0%	31	94%
Fyrirkomulag launa							
Launþegi	68%	26%	5%	0%	0%	19	95%
Verktaki	56%	33%	11%	0%	0%	9	89%
Skuldleiki við NPA notanda?							
Skyld(ur) NPA notanda	67%	17%	17%	0%	0%	12	83%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	53%	47%	0%	0%	0%	19	100%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?							
Já	50%	38%	13%	0%	0%	8	88%
Nei	64%	32%	5%	0%	0%	22	95%

0% 25% 50% 75% 100%

Það var mismunandi hversu mikið NPA aðstoðarfólk hafði að gera í vinnunni. Rétt ríflega fjórðungur hafði alltaf eða oft mikið að gera, þriðjungur hafði stundum mikið að gera, fimmtungur sjaldan og fimmtungur hafði aldrei mikið að gera í vinnunni (sjá töflu 26).

Tafla 26. Hefur þú of mikið að gera í vinnunni?

	Já, alltaf	Já, oft	Já, stundum	Já, en sjaldan	Nei, aldrei	Fjöldi svara	Já, alltaf eða oft
Heild	13%	13%	33%	20%	20%	30	27%
Fyrirkomulag launa							
Launþegi	17%	11%	28%	22%	22%	18	28%
Verktaki	11%	22%	33%	11%	22%	9	33%
Skuldleiki við NPA notanda?							
Skyld(ur) NPA notanda	0%	25%	50%	8%	17%	12	25%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	22%	6%	22%	28%	22%	18	28%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?							
Já	13%	25%	38%	25%	0%	8	38%
Nei	14%	10%	29%	19%	29%	21	24%

0% 25% 50% 75% 100%

Eins og sjá má í töflu 27 átti yfirgnæfandi meirihluti aðstoðarfólks (97%) alltaf eða oft góð samskipti við NPA notandann sem það starfaði fyrir.

Tafla 27. Eru samskipti þín við NPA notanda góð?

	Já, alltaf	Já, oft	Já, stundum	Já, en sjaldan	Nei, aldrei	Fjöldi svara	Já, alltaf eða oft
Heild	74%	23%	3%	0%	0%	31	97%
Fyrirkomulag launa							
Launþegi	74%	26%	0%	0%	0%	19	100%
Verktaki	67%	22%	11%	0%	0%	9	89%
Skuldleiki við NPA notanda?							
Skyld(ur) NPA notanda	92%	8%	0%	0%	0%	12	100%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	63%	32%	5%	0%	0%	19	95%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?							
Já	63%	25%	13%	0%	0%	8	88%
Nei	77%	23%	0%	0%	0%	22	100%

0% 25% 50% 75% 100%

Ríflega 70% aðstoðarfólks gafst tækifæri til að læra nýja hluti og þróa sig í starfi. Aðstoðarfólk sem var tengd notanda fjölskylduböndum hafði síður tækifæri til að læra nýja hluti og þróa sig í starfi en svarendur sem voru skyldir NPA notanda (sjá töflu 28).

Tafla 28. Gefur vinnan þér tækifæri til að læra nýja hluti og þróa þig í starfi?

	Já	Nei	Fjöldi svara	Já
Heild	71%	29%	31	71%
Fyrirkomulag launa				
Launþegi	74%	26%	19	74%
Verktaki	67%	33%	9	67%
Skuldleiki við NPA notanda?				
Skyld(ur) NPA notanda	58%	42%	12	58%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	79%	21%	19	79%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?				
Já	63%	38%	8	63%
Nei	73%	27%	22	73%

0% 25% 50% 75% 100%

Innan við helmingur (43%) fékk næg tækifæri til að ræða vinnuna við samstarfsfólk sitt. Tveir af hverjum þremur aðstoðarmönnum sem voru skyldir NPA notanda sögðust fá næg tækifæri til að ræða vinnuna við samstarfsfólk en hið sama átti við um þriðjung þeirra sem ekki voru skyldir NPA notanda (sjá töflu 29).

Tafla 29. Færð þú næg tækifæri til að ræða vinnuna við samstarfsfólk (aðra aðstoðarmenn)?


	Já	Nei	Fjöldi svara	Já
Heild	43%	57%	30	43%
Fyrirkomulag launa				
Launþegi	47%	53%	19	47%
Verktaki	44%	56%	9	44%
Skuldleiki við NPA notanda?				
Skyld(ur) NPA notanda	64%	36%	11	64%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	32%	68%	19	32%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?				
Já	50%	50%	8	50%
Nei	41%	59%	22	41%

0% 25% 50% 75% 100%

Um helmingur svarenda kvaðst þurfa að bera eða lyfta mikilli þyngd í starfi sínu en þeir sem voru skyldir NPA notandanum þurftu þess síður en aðrir (sjá töflu 30). Svipað hlutfall svarenda þurfa að athafna sig í óþægilegum vinnustellingum en það átti sömuleiðis síður við um þá sem voru skyldir NPA notandanum (sjá töflu 31).


Tafla 30. Hversu oft hendir það í starfi þínu að þú þarft að bera eða lyfta mikilli þyngd?

	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Fjöldi sv ara	Sjaldan eða aldrei
Heild	23%	26%	35%	16%	31	52%
Fyrirkomulag launa						
Launþegi	21%	21%	37%	21%	19	58%
Verktaki	22%	22%	44%	11%	9	56%
Skyldleiki við NPA notanda?						
Skyld(ur) NPA notanda	8%	33%	33%	25%	12	58%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	32%	21%	37%	11%	19	47%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?						
Já	25%	38%	25%	13%	8	38%
Nei	23%	18%	41%	18%	22	59%



Tafla 31. Hversu oft hendir það í þínu starfi að þú þarft að athafna þig í óþægilegum vinnustellingum?

	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Fjöldi sv ara	Sjaldan eða aldrei
Heild	26%	26%	35%	13%	31	48%
Fyrirkomulag launa						
Launþegi	21%	21%	42%	16%	19	58%
Verktaki	33%	33%	22%	11%	9	33%
Skyldleiki við NPA notanda?						
Skyld(ur) NPA notanda	8%	33%	33%	25%	12	58%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	37%	21%	37%	5%	19	42%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?						
Já	13%	50%	25%	13%	8	38%
Nei	32%	14%	41%	14%	22	55%



Þriðjungur þátttakenda var oft eða alltaf líkamlega þreyttur í lok vinnudags og fjórðungur til viðbótar var stundum þreyttur. Þeir sem störfuðu sem verktakar voru oftari líkamlega þreyttir en launþegar og hlutfallslega fleiri þeirra sem ekki voru skyldir notandanum voru oft eða alltaf líkamlega þreyttir í lok vinnudags (42%) en þeir sem ekki voru skyldir notandanum (17%) (sjá töflu 32).

Tafla 32. Kemur það fyrir að þú ert líkamlega þreytt(ur) í lok vinnudags?

	Oft eða alltaf	Stundum	Sjaldan eða aldrei	Fjöldi sv ara	Oft eða alltaf
Heild	32%	26%	42%	31	32%
Fyrirkomulag launa					
Launþegi	26%	21%	53%	19	26%
Verktaki	44%	22%	33%	9	44%
Skuldleiki við NPA notanda?					
Skyld(ur) NPA notanda	17%	33%	50%	12	17%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	42%	21%	37%	19	42%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?					
Já	38%	38%	25%	8	38%
Nei	32%	18%	50%	22	32%

0% 25% 50% 75% 100%

Í töflu 33 má sjá að þriðjungur aðstoðarfólks var aldrei með bakverki eftir vinnu en 16% voru með bakverki oft eða alltaf. Verktakar (77%) fundu frekar fyrir bakverkjum en launþegar (58%) og það kom frekar fyrir að þeir sem ekki voru skyldir NPA notandanum væru með bakverki (79%) en þeir sem voru skyldir notandanum (50%).

Tafla 33. Kemur það fyrir að þú ert með bakverki eftir vinnu?

	Oft eða alltaf	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Fjöldi sv ara	Oft eða alltaf
Heild	16%	29%	23%	32%	31	16%
Fyrirkomulag launa						
Launþegi	21%	16%	21%	42%	19	21%
Verktaki	11%	33%	33%	22%	9	11%
Skuldleiki við NPA notanda?						
Skyld(ur) NPA notanda	8%	25%	17%	50%	12	8%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	21%	32%	26%	21%	19	21%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?						
Já	13%	38%	25%	25%	8	13%
Nei	18%	23%	23%	36%	22	18%

0% 25% 50% 75% 100%

Ríflega 40% þátttakenda voru alltaf eða oft andlega úrvinda í lok vinnudags. Tæp 60% þeirra sem ekki voru skyldir NPA notandanum voru oft eða alltaf úrvinda í lok dags samanborið við 17% þeirra sem voru skyldir notandanum. Allir svarendur sem hlotið höfðu menntun til að starfa með fötluðu fólki voru einhvern tíma andlega úrvinda í lok dags samanborið við tvo af hverjum þremur þeirra sem ekki höfðu menntun til að starfa með fötluðu fólki (sjá töflu 34).

Tafla 34. Kemur það fyrir að þú ert andlega úrvinda í lok vinnudags?

	Alltaf	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Fjöldi svara	Já, alltaf eða oft
Heild	10%	32%	26%	10%	23%	31	42%
Fyrirkomulag launa							
Launþegi	11%	37%	16%	11%	26%	19	47%
Verktaki	11%	22%	33%	11%	22%	9	33%
Skuldleiki við NPA notanda?							
Skyld(ur) NPA notanda	8%	8%	33%	17%	33%	12	17%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	11%	47%	21%	5%	16%	19	58%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?							
Já	13%	50%	25%	13%	0%	8	63%
Nei	9%	27%	23%	9%	32%	22	36%

Í töflu 35 má sjá að tæp 60% svarenda höfðu upplifað það að vera andvaka vegna þess að þeir voru að hugsa um vinnuna. Hlutfallslega fleiri þeirra sem höfðu menntun til að starfa með fötluðu fólki höfðu upplifað andvöku vegna vinnunnar (75%) en þau sem ekki höfðu slíka menntun (50%).


Tafla 35. Kemur það fyrir að þú ert andvaka vegna þess að þú ert að hugsa um vinnuna?

	Alltaf	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Fjöldi svara	Já, alltaf eða oft
Heild	0%	6%	23%	29%	42%	31	6%
Fyrirkomulag launa							
Launþegi	0%	0%	37%	21%	42%	19	
Verktaki	0%	22%	0%	33%	44%	9	22%
Skuldleiki við NPA notanda?							
Skyld(ur) NPA notanda	0%	8%	17%	42%	33%	12	8%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	0%	5%	26%	21%	47%	19	5%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?							
Já	0%	25%	13%	38%	25%	8	25%
Nei	0%	0%	27%	23%	50%	22	

Eins og sjá má í töflu 36 hafði 61% aðstoðarfólks aldrei verið gagnrýnt eða ávítað af NPA notandanum. Þeir sem hlotið höfðu menntun til að starfa með fötluðu fólki (62%) höfðu frekar verið gagnrýndir eða ávítaðir en þeir sem ekki höfðu slíka menntun (32%). Þrír svarendur höfðu verið gagnrýndir eða ávítaðir af aðstandanda NPA notandans sem þeir störfuðu fyrir á undangengnum tólf mánuðum (sjá töflu 37).


Tafla 36. Ef þú hugsar um undangengna tólf mánuði, hefur það gerst að þú hafir verið gagnrýnd(ur) eða ávítuð/-aður af notanda?

	Já, oft	Já, stundum	Já, en sjaldan	Nei, aldrei	Fjöldi sv ara	Nei, aldrei
Heild	6%	10%	23%	61%	31	61%
Fyrirkomulag launa						
Launþegi	11%	11%	16%	63%	19	63%
Verktaki	0%	11%	33%	56%	9	56%
Skuldleiki við NPA notanda?						
Skuld(ur) NPA notanda	0%	17%	25%	58%	12	58%
Ekki skuld(ur) NPA notanda	11%	5%	21%	63%	19	63%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?						
Já	0%	25%	38%	38%	8	38%
Nei	9%	5%	18%	68%	22	68%




Tafla 37. Ef þú hugsar um undangengna tólf mánuði, hefur það gerst að þú hafir verið gagnrýnd(ur) eða ávítuð/-aður af aðstandanda?

	Já, oft	Já, stundum	Já, en sjaldan	Nei, aldrei	Fjöldi sv ara	Nei, aldrei
Heild	5%	0%	11%	84%	19	84%
Fyrirkomulag launa						
Launþegi	9%	0%	18%	73%	11	73%
Verktaki	0%	0%	0%	100%	7	100%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?						
Já	0%	0%	0%	100%	5	100%
Nei	7%	0%	14%	79%	14	79%



Á mynd 1 má sjá að tveir af þeim ríflega 30 aðstoðarmönnum sem tóku þátt í könnuninni höfðu orðið fyrir fordómum af hálfu notanda á undangengnum tólf mánuðum og tveir höfðu orðið fyrir fordómum af hálfu aðstandanda. Þeir sem orðið höfðu fyrir fordómum af hálfu notanda sögðu að það gerðist *stundum* og þeir sem orðið höfðu fyrir fordómum af hálfu aðstandanda sögðu að það gerðist *sjaldan*. Þess má geta að þeir aðstoðarmenn sem voru náskyldir NPA notandanum voru ekki spurðir um fordóma af hálfu aðstandanda.

Tveir sverendur höfðu orðið fyrir ofbeldi af hálfu notanda á undangengnum tólf mánuðum (sjá mynd 1). Enginn hafði orðið fyrir ofbeldi af hálfu aðstandanda á sama tímabili og enginn hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni, hvorki af hendi notanda né aðstandanda.



Mynd 1. Ef þú hugsar um undangengna tílf mánuði, hefur það gerst að þú hafir orðið fyrir fordómum af hálfu notandana eða aðstandanda (t.d. vegna kynhneigðar, uppruna eða annars) og hefur það gerst að þú hafir orðið fyrir ofbeldi af hálfu notanda eða aðstandanda?

Tæpur helmingur aðstoðarfólks sem svaraði könnuninni hafði íhugað alvarlega að hætta í vinnunni. Það voru frekar verktakar (50%), þeir sem ekki voru skyldir notandanum (56%) og þeir sem höfðu menntun til að starfa með fötluðu fólki (71%) sem höfðu á undanfögnu ári íhugað alvarlega að hætta í vinnunni (sjá töflu 38).

Tafla 38. Hefur þú einhvern tíma á undanfögnu ári íhugað alvarlega að hætta í vinnunni?

	Já	Nei	Fjöldi svara	Já
Heild	46%	54%	28	46%
Fyrirkomulag launa				
Launþegi	39%	61%	18	39%
Verktaki	50%	50%	8	50%
Skuldleiki við NPA notanda?				
Skyld(ur) NPA notanda	30%	70%	10	30%
Ekki skyld(ur) NPA notanda	56%	44%	18	56%
Menntun til að starfa með fötluðu fólki?				
Já	71%	29%	7	71%
Nei	38%	62%	21	38%

Þau sem höfðu íhugað að hætta í vinnunni voru beðin að nefna ástæður þess að þau höfðu íhugað slíkt. Spurningin var opin og svör fólks voru flokkuð eftir eðli og inntaki og í töflu 39 má sjá samantekt á þeim ástæðum sem nefndar voru og dæmi um orðalag svaranna. Átta af þeim þrettán sem fengu spurninguna nefndu hagnýtar ástæður fyrir því að þau höfðu íhugað að hætta í vinnunni, svo sem vegna anna í námi eða öðru starfi, vegna skorts á skipulagi og utanumhaldi (t.d. tíðar breytingar á vinnutíma og óskýrt hlutverk aðstoðarfólks) eða vegna

Þess að vinnutíminn eða staðsetning vinnunnar hentaði illa. Sex svarenda höfðu íhugað að hætta í vinnunni vegna mikils andlegs og líkamlegs álags.

Tafla 39. Hverjar eru ástæður þess að þú hefur íhugað að hætta í vinnunni?

Yfirflokkur	Nánari skýring	Fjöldi	Dæmi um athugasemdir
Hagnýtar ástæður		8	
	Annir í öðru starfi og/eða námi	3	„Fullt nám og tvö hlutastörf. Einfeldlega full mikið að gera á köflum“ „Tíðar breytingar á vinnutíma fóru illa í mig.“
	Skortur á skipulagi og utanumhaldi	3	„Finnst eins og þeim hafi verið réttir peningar bara“ „gjörðu svo vel þú mátt ráða til þín starfsmenn og mér er slétt sama hvá þú lætur þá gera eða hvemig þú talar við þá“.
	Óhentugur vinnutími og langt að fara til vinnu	2	„Vinnutími hentaði mér ekki til lengdar þar sem vinnutími er mest seinnipart og um helgar og hafði það neikvæð áhrif á eigið einkalíf.“
Mikið álag		6	
	Of mikið líkamlegt álag	3	„...á hverri vakt er þess krafist að maður sitji í lengri tíma í öþægilegri stöðu og lyfti notandanum...“ „Ég hefði hugsað mig vel um hvort starfið hentaði mér, hefði ég vitað að andlegt og líkamlegt álag væri svo mikið. Mér finnst þó erfið að hætta af því að krafist er mikils af mér.“
	Of mikið andlegt álag	3	
Annað		3	
	Aðrar ástæður	3	„Ég sá ekki nægan tilgang í því sem ég var að gera.“ „Árekstur við aðra starfsmenn.“

Í töflu 40 er búið að flokka saman opin svör þátttakenda um helstu kosti þess að starfa sem NPA aðstoðarmaður. Ríflega 80% svarenda nefndu kosti sem flokka má sem persónulegan ávinning svo sem að starfið sé gefandi, lærdómsríkt, skemmtilegt og fjölbreytt. Nokkrir nefndu að þeim þætti mikilvægt að taka þátt í því að auka sjálfræði og lífsgæði fólks og að í starfinu gætu falist tækifæri til dæmis ef aðstoðarmaður væri að fylgja NPA notandanum á námskeið eða í ferðalög. Ríflega þriðjungur svarenda tiltók hagnýta kosti starfsins og nefndu til dæmis sveigjanlegan vinnutíma og að stundum gæfist tími til að lesa eða sinna námi þegar notandinn þarfnaðist ekki aðstoðar.

Tafla 40. Hverjir eru, að þínu mati, helstu kostir þess að starfa sem NPA aðstoðarmaður?

Yfirflokkur	Nánari skýring	Fjöldi	Dæmi um athugasemdir
Persónulegur ávinningur		26	
	Gefandi starf	17	„Það er gefandi að aðstoða þá sem ekki geta gert allt. Það er réttur allra að lífa óskertu lífi.“
	Lærdómsríkt starf	11	„Maður getur lært margt af notendum NPA t.d kennir það mér þolinmæði og ég verð að setja mig í allt annan gjr þegar ég mæti í vinnu ... og hefur þroskað mig mikið að fá að taka þátt í þessu NPA kerfi.“
	Skemmtilegt starf	7	„Þetta getur verið mjög skemmtileg og áhugaverð vinna, sérstaklega þegar þú nærð vel saman við þann sem þú aðstoðar. Gaman að mæta í vinnuna til að spjalla um öll heimsins mál.“
	Mikilvægt að eiga þátt í að auka sjálfræði og lífsgæði fólks	6	„Gott að upplifa að fólk hafi stjórn á eigin þjónustu og upplifa þau lífsgæði með fólki.“
	Fjölbreytt starf	4	„Ólík verkefni. Engir tveir dagar eins.“
	Tækifæri sem gefast í tengslum við starfið	4	„...möguleiki á ferðalögum í vinnunni, mikið af fróðleik sem maður græðir ef notandi er í námi eða á námsskeiðum t.d.“
Hagnýtir kostir		11	
	Sveigjanlegur vinnutími	10	„Mjög sveigjanlegir vinnutímar og alltaf eftir samkomulagi.“
	Hentugt, t.d. hægt að sinna námi þegar tími gefst á vinnutíma	2	„Oft hægt að sinna heimavinnu eða sambærilegu yfir daginn þegar notandi þarfnast ekki aðstoðar.“

Tafla 41 sýnir samantekt á svörum aðstoðarfólks þegar spurt var um helstu óskosti starfsins. Um helmingur nefndi óskosti hagnýts eðlis, að það vantaði ramma utan starfið, starfsskyldur og hlutverk bæði aðstoðarfólks og notenda, að launin væru lág, að vaktir væru langar og vinnutími óhentugur, að starfs- og kjarabundin réttindi aðstoðarfólks væru lítil og að NPA notendur þyrftu fræðslu tengda því að vera með aðstoðarfólk. Átta svarendur nefndu líkamlegt og andlegt álag sem helstu óskosti starfsins og sex sögðu frá því að þörfum starfsmanna væri ekki sinnt og að líðan og réttindi starfsfólks liði fyrir áhersluna á sjálfstæði og vellíðan notandans. Nokkrir nefndu að starfið gæti verið einmanalegt að því leiti að ekki er unnið með öðru aðstoðarfólki.

Tafla 41. Hverjir eru, að þínu mati, helstu ókostir þess að starfa sem NPA aðstoðarmaður?

Yfirflokkur	Nánari skýring	Fjöldi	Dæmi um athugasemdir
Ókostir hagnýts eðlis		15	
	Vantar ramma utan um starfið	6	„Yfirmaður minn, þ.e. notandi hefur að því er virðist ekki nokkra hugmynd um hvað ég starfa við, ekki svo sem að ég hafi einhverja skárra hugmynd um það af því að fræðslan er enginn. Það fylgist enginn með þessu, það er enginn verkstjóri eða neitt sem ég get leitað til ef mér finnst brotið á mínum réttindum.“
	Léleg laun	6	„Launin eru líka fáránlega lág miðað við vinnuna sem er unnin.“
	Langar vaktir/óhentugur vinnutími	5	„Oft mjög langar vaktir, en ekkert hlé, ekki einu sinni til þess að borða.“
	Skortur á réttindum	4	„Ég hef ekkert öryggi. Ég gæti misst vinnuna á morgun.“
	Slæm framkoma frá notanda og/eða aðstandendum	3	„...mér finnst vanta mikið að kenna notendum að nota starfsfólkið sitt og hvemig það á að koma fram við það rétt eins og starfsfólkið þarf að gera varðandi notanda.“
Mikið álag		8	
	Of mikið líkamlegt álag	8	„Vinnuaðstaðan er oft erfð.“
	Of mikið andlegt álag	6	„Vinnan er erfð, slítandi og tekur á fólk andlega.“
Ókostir við eðli starfsins		8	
	Þörfum starfsmanna ekki sinnt	6	„...miklar kröfur um að vera stöðugur félagsskapur en jafnframt eru gerðar þær kröfur að "fóma sér" líkamlega til að notandinn geti lifað eðlilegu lífi. Svo mikil áhersla á sjálfstæði notandans að þarfir og líðan starfsmanns er aukaatriði.“
	Einmanalegt starf	3	„Erfitt að vera lengi á vaktinni, einn.“

Ef þátttakendur vildu koma einhverju til viðbótar á framfæri fengu þeir tækifæri á því í lok könnunarinnar. Sextán nýttu þetta tækifæri og í töflu 42 má sjá samantekt á því sem þar kom fram. Meirihluti þeirra sem vildi koma einhverju á framfæri í lokin fjölluðu um umgjörð samstarfsverkefnisins, nokkrir tóku fram að auka þyrfti fjármagn í málaflokkinn svo hægt væri að gera betur, nokkrir vildu lýsa ánægju sinni með NPA og ítrekuðu mikilvægi þess að halda verkefninu áfram og nokkrir fjölluðu um mikilvægi þess að endurskoða NPA kerfið til að bæta það. Níu svarendur notuðu tækifærið til að fjalla um starfsumhverfi NPA aðstoðarfólks, að huga þyrfti betur að starfsfólki með því að bæta kjör þess, standa vörð um réttindi þess og minnka álag. Fólk fjallaði um að þessir þættir væru í ólagi og að það mætti helst sjá á mikilli starfsmannaveltu þar sem aðstoðarfólk héldist ekki lengi í starfinu. Sjö þátttakendur fjölluðu um þörfina á fræðslu, bæði fyrir aðstoðarfólk og NPA notendur.

Tafla 42. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

Yfirflokkur	Nánari skýring	Fjöldi	Dæmi um athugasemdir
Umgjörð		13	
	Vantar fjármagn í NPA	6	„Já það er einn mikilvægur þáttur sem er ekki í lagi. Ríkið skaffar of lítið fjármagn í þetta NPA kerfi.“
	Þörf á að endurskoða NPA	5	„NPA starfsreglur eru alls ekki nógu skýrar hvorki fyrir notandann né starfsfólkið (eða aðstandendur, búi notandinn hjá þeim).“
	Ánægja með NPA	5	„Finnst NPA verkefnið mjög mikilvægt og mín skoðun er að það eigi að halda því áfram, þróa það og stækka.“
Starfsumhverfi aðstoðarfólks		9	
	Lág laun og skortur á réttindum aðstoðarfólks	7	„Það þarf að huga miklu betur að starfsmönnum í NPA-þjónustu. Ég ber hag notandans fyrir brjósti, en ég er ekki tilbúin að fórn eigin lífi og velliðan fyrir aðra manneskju, sem krafan virðist nánast vera.“
	Mikil starfsmannavelta	6	„Enda held ég að fólk geti skoðað hvornig tekst til að halda fólki í vinnu við þetta og reiknað þannig út hvort að þetta sé eðlileg velta á starfsmönnum. Við höfum aldrei verið fullmannaðar, sem að eykur alltaf álagið einhvað. Eins og starfið er núna er það ekki nokkrum bjóðandi og kannski einmitt til marks um það hversu margir hafna þessu starfi og treysta sér ekki í það.“
	Of mikið álag	3	„Fá frí, því þessi vinna tekur á og þegar starfskrafta vantar sem hefur oft komið upp á þá er álagið mikið og fólk endar á að hætta því í það er brúnið.“
Þörf á fræðslu		7	
	Þörf á fræðslu fyrir NPA notendur	4	„Það vantar kennslu fyrir NPA notanda um það hvornig á að vera yfirmaður“
	Þörf á fræðslu fyrir aðstoðarfólk	3	„Það vantar, fyrir starfsmenn NPA: Einhvers konar menntun, fræðslu eða námskeið. Einhvers konar stuðning eða handleiðslu.“

SAMANTEKT

Könnun meðal aðstoðarfólks veitti upplýsingar um hverjir ráðast til starfa sem aðstoðarmenn í NPA, starfsumhverfi þeirra og reynslu. Í ljós kom að í fæstum tilvikum höfðu svarendur aðstoðarmannarstarfið að aðalstarfi. Innan við þriðjungur var í fullu starfi sem aðstoðarmaður og tveir af hverjum þremur sinntu öðru starfi samhliða. Töluvert var um að aðstoðarfólkið væri tengt NPA notandanum fjölskylduböndum og einungis fjórðungur hafði hlotið einhverja menntun til að starfa með fötluðu fólki. Þegar spurt var um viðhorf til starfsins kom í ljós að aðstoðarfólk var almennt jákvætt í afstöðu sinni til þeirra verkefna sem það sinnir í starfi sínu og nær allir töldu samskiptin við NPA notandan vera góð. Mikill meirihluti var ánægður með vinnutíma sinn en innan við helmingur var ánægður með launin.

Þrátt fyrir almenna ánægju með starfið sýndu niðurstöður könnunarinnar að starfsumhverfi nokkuð stór hóps aðstoðarfólks einkenndist af álagi. Tæp 30% svarenda sögðust stundum eða oft þurfa að vinna lengur en þeir fengu greitt fyrir og var það mun algengara meðal þeirra sem voru skyldir notandanum. Þriðjungur var líkamlega þreyttur í lok vinnudags og yfir 40% voru andlega úrvinda í lok vinnudags. Nærri helmingur nefndi of mikið álag sem helsta ókost starfsins. Um 40% höfðu verið gagnrýnd eða ávítuð af notanda og fram kom að það skorti fræðslu til að styðja notendur í hlutverki yfirmanna. Þá nefndu nokkrir að það vantaði ramma utan um starfið og að ekki væri skýrt hvert bæri að leita ef brotið væri á aðstoðarfólki í starfi.